

Alþingi
Erindi nr. P 128/886
komudagur 29.1.2003

Reykjavík 28. janúar 2003
Tilv. FLE 1-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hildur Njarðvik nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál

Með bréfi dags. 10. desember 2002 óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir u msögn Félags löggiltra endurskoðenda um o fangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu ásamt tilheyrandi greinargerð reikningsskilanefndar félagsins.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 28. janúar 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn reikningsskilanefndar FLE tók álitsnefnd FLE málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir engar athugasemdir við umsögn reikningsskilanefndar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Frumvarp til laga

um breyting lögum nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum.

Umfjöllun og athugasemdir reikningsskilanefndar FLE.

Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur fengið beiðni um að fjalla um frumvarp til laga um breytingar lögum um ársreikninga nr. 144/1994.

Breytingarnar sem frumvarpið innifelur lúta fyrst og fremst að þeim athugasemdum sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) mun hafa gert á lögnum. Í athugasemdum með frumvarpinum kemur einnig fram að gerðar eru lágmarkstillögur um breytingar á lögnum sem beint lá við að gera að þessu sinni en varða ekki athugasemdir ESA.

Reikningsskilanefnd FLE styður framkomið frumvarp í öllum meginatriðum og telur mörg ákvæði í því vera til mikilla bóta. Hins vegar er ljóst að heildarendurskoðun á lögnum þarf að fara fram með tilliti til þeirra breytinga sem eru að verða á sviði reikningsskila og samhfingu við reglur Alþjóða reikningsskilaráðsins. Reikningsskilanefnd FLE hvetur til þess að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er þannig að sá lagarammi sem er um reikningsskil hér á landi verði samræmdur reglum Alþjóða reikningsskilaráðsins og þeim reglum sem gilda munu á Evrópska Efnahagssvæðinu.

Einnig er ljóst að heildarendurskoðun á reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga er þörf meðal annars vegna þess að ýmis ákvæði reglugerðarinnar breytast í tengslum við breytingar sem í frumvarpinu felast.

Hér á eftir fara athugasemdir sem nefndin hefur við einstakar greinar: Númer greina miðast við sömu númer og fram koma í frumvarpinu nema að annað sé tekið fram.

1.gr.

- c) Hér telur nefndin að skilgreina þurfi betur hugtakið “aðili að öðru félagi”, við hvað er nákvæmlega átt með því að vera aðili að félagi sbr. hvernig e) liður 5. töluliðar 2.mgr. 1.gr. laganna á að vera að teknu tilliti til frumvarpsins. Þar er tekið fram að um eignarhlut í öðru félagi sé að ræða. Nefndin telur nauðsynlegt að skýra betur í frumvarpinu sjálfu við hvað er átt með því að vera “aðili að öðru félagi” þar sem ekki liggur ljóst fyrir að textanum í frumvarpinu eða greinargerðinni hvort að í aðlid að félagi felist ætíð eignarhlutdeild eða ekki. Nefndin telur einnig að ákveðins misræmis gæti í texta greinargerðarinnar miðað við texta frumvarpsins sjálfs þar sem í lagagreininni er gert ráð fyrir að ávallt sé nauðsynlegt að vera aðili að félagi en í greinargerðinni kemur ekkert fram um

svo kallaða aðild að félagi. Í stað þess eru nefnd ákveðin skilyrði sem virðast geta staðið sjálfstæð án þess að um svo kallaða aðild sé að ræða.

Nefndin leggur áherslu á að mestu máli skiptir efni máls þ.e. að ef um raunveruleg yferráð er að ræða þá er félagið sem hefur yferráð móðurfélag sem ber að semja samstæðureikningsskil að teknu tilliti til þeirra undatekninga sem koma fram í frumvarpinu.

6.gr.

Hér þyrfti að skoða orðalag, sérstaklega með tilliti til frumtextans í 4. tilskipuninni. Nefndin telur nauðsynlegt að hugtakið góð reikningsskilavenja sé betur skilgreint þ.e. til hvaða heimilda má vísa ef vikið er frá lögnum við gerð ársreikninga. Einnig þarfa að liggja ljóst fyrir við hvaða aðstæður má víkja frá lögnum en nefndin telur að það sé einungis heimilt í undantekningartilfellum þ.e. ef lögin ná ekki til viðkomandi atriða sem fjallað er um.

10.gr.

Hér þyrfti að skoða orðalag. Orðasambandið “nauðsynlegt getur talist” er að mati nefndarinnar óþarft.

11.gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að tekjur og gjöld sem varða fyrri reikningsár skuli færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun nema um óverulega fjárhæð sé að ræða. Nefndin vill benda á að samkvæmt reglu Reikningsskilaráðs nr. 5 þá er meginreglan sú að leiðréttingar vegna fyrri ára skulu færðar í rekstrarreikning. Nefnin leggur til að orðalag 7. 31. og 37 töluliðar áður nefndar reglu sé haft til hliðsjónar og orðalag greinarinnar samræmt þeim töluliðum.

12.gr.

Eins og þessi grein liggur fyrir virðist hún vera í ósamræmi við 24. gr. laganna eins og hún er nú.

13.gr.

Í þessari grein frumvarpsins er verið að gera breytingu á 22. gr. laganna meðal annars með tilliti til afnáms verðbólgu-reikningsskila. Nefndin telur fulla þörf á, að í tengslum við breytingu á 22.gr., verði 25. gr. laganna jafnframt breytt þar sem heimiluð verði upplausn á endurmatsreikningi til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði. Samkvæmt nógildandi ákvæði í 3. mgr. 25.gr. laganna er einungis gert ráð fyrir að leysa megi upp endurmatsreikninginn ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur til staðar eða ef eignin er fullafskrifuð.

16.gr.

Hér er gert ráð fyrir að eignfæra megi rannsóknarkostnað sem er í andstöðu við núverandi reglu Alþjóða reikningsskilaráðsins. Jafnframt má benda á að í Bandaríkjunum er eignfærsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar óheimil.

21. gr.

Þessi lagagrein varðar breytingu á 47. gr. laganna og með breytingunni er lögfest að tekjuskattsskuldbindingar skuli færa í efnahagsreikning. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það en bendir á að þarna er verið að ganga lengra en krafist er í tilskipun Evrópusambandsins. Jafnframt vill nefndin benda á að eðlilegt hefði verið að bæta inn ákvæði í lögum um meðferð tekjuskattsinneigna þar sem ekkert er um þær fjallað í lögum.

27. gr.

Þar sem fjallað er um nýja greina 54.C. gerir nefndin athugasemd við orðalag í 3. mgr. og leggur til að í stað orðsins “meta” skuli koma orðið “færa”.

28. gr.

Hér vantar að setja “og” í lok a) liðar 3.tl. 3. mgr.

29. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætt verði við grein 55. B. þar sem svo kölluð samlegðaraðferð (e. pooling of interest method) er skilgreind og heimiluð við ákveðin skilyrði við reikningsskil við sameiningar eða við samstæðureikningsskil. Nefndin vill benda á að erlendis er verið að afnema þessa aðferð. Í Bandaríkjunum hefur hún verið bönnuð og fyrir liggur að tillaga um að hún verði afnumin úr alþjóðlegum reikningsskilareglum. Ef afnema á þessa aðferð verður hins vegar samfara að breyta reglum um reikningshaldslega meðferða langtímaeigna svo sem viðskiptavildar og í stað kerfisbundinna afskrifta yrði að taka upp svo kallað virðisrýrnunarpróf (e: impairment test). Það er mat nefndarinnar, miðað við núverandi þróun, að mjög skammur tími muni líða þar til breyta þurfi lögum um ársreikninga hvað þetta varða og þá verði samlegðaraðferðin afnumin.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að neikvæð viðskiptavild færist til tekna á móti þeim töpum sem áætluð eru þegar kaupin eru gerð, þó að hámarki á 20 árum. Tilskipanir Evrópusambandsins og reglur Alþjóða reikningsskilaráðsins heimila tekjufærslu á neikvæðri viðskiptavild ef hún stafar ráðgerðu tapi. Svo virðist af grein þessari að slíkt ákvæði vanti í frumvarpið og leggur nefndin til að greininni verði breytt með tilliti til þess.

Að lokum vill reikningsskilanefnd FLE ítreka stuðning sinn við frumvarpið en telur jafnframt ástæðu til að tekið verði tillit til framangreindra athugasemda.

Reykjavík 27. janúar 2003.

Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.